



Biðröð við úthlutun í Lðufelli 14.



## Söfnun Fjölskylduhjálpar Íslands fyrir jólin 2024.

Við viljum bjóða þér að taka þátt í starfi Fjölskylduhjálpar Íslands **með frjálsu framlagi** og stuðla þannig að því að Fjölskylduhjálpar Íslands geti áfram hlúð að skjólstæðingum sínum eins og samtökin hafa gert í 21 ár, en 21 árs starfsafmæli samtakana í september s.l.

F.Í. er stærst mannúðarsamtaka á Íslandi í matarúthlutun en með minnstu fjármunina til ráðstöfunar.

**Það er ljóst að samtökin munu eiga mjög erfitt með að anna þeim fjölda sem mun sækja um aðstoð fyrir jólin, en alls fengu 3.000 fjölskyldur aðstoð fyrir jólin í fyrra. F.Í. hefur úthlutað um 29.000 fjölskyldumatargjöfum s.l. ár, eða til um 2.500 fjölskyldna í hverjum mánuði, og hefur Matarbankinn okkar gert okkur það mögulegt.**

**Með Matarbankanum er unnið gegn matarsóun í samvinnu við fjölda fyrirtækja í landinu sem gefa F.Í. matvæli sem eru að falla á tíma en eru fullkomlega boðleg til manneldis. Með þessari samvinnu fer er mun minna fargað af matvælum en annars myndi vera gert, en tilkoma Matarbanks hefur aukið alla vinnu og umsjón hjá samtökunum um 150%.**

**Matarúthlutanir eru alla þriðjudaga í Lðufelli 14. Alla föstudaga að Baldursgötu 14 og Grófinni 1-3 í Reykjanesbæ.**

F.Í. úthlutar fatnaði á börn og fullorðna eftir þörfum, búsáhöldum og notuðum leikföngum. Nyttjamarkaður með notaðan og nýjan fatnað og gjafavörur er opinn alla virka daga frá kl. 13:00 til 18:00 í Reykjavík og Reykjanesbæ. F.Í. hjálpar einnig til við að leysa út lyf og greiða sjúkrahúskostnað fyrir skjólstæðinga og hefur sú aðstoð aukist mikið.

**Með hugsjónina að vopni, mikla eljusemi og aðstoð góðra stuðningsaðila hefur tekist frá árinu 2003 að gera Fjölskylduhjálpar Íslands að því sem hún er í dag þ.e. að hjálparsamtökum, (non-profit) sem byggjast upp á sjálfböðastarfi og hafa að leiðarljósi að hjálpa þeim sem minna mega sín.**

Skjólstæðingar samtakanna eru öryrkjar, einstæðir foreldrar, fjölskyldur með lágar tekjur, eldri borgarar, fólk án atvinnu, heimilislaustr fólk og hælisleitendur. Allt að 50 sjálfböðaliðar halda uppi starfi F.Í. allt árið um kring. Þegar allar dyr eru lokaðar fyrir þá sem minna mega sín eru dyr F.Í. alltaf opnar og símsvörun alla daga.

**Bókhald félagsins hefur verið opið almenningi frá upphafi og er það líklega einsdæmi á meðal líknarfélaga hér á landi.**

**Með kærri kveðju og von um að þú sjáir þér fært að rétta okkur hjálparhönd fyrir þessi jól!**